

Þriðjudaginn 23. júní 1981.

Nr. 173/1979. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Bertu Guðbjörgu Hannesdóttur

(Sigurður Ólason hrl.).

Bifreiðar. Sýknað af ákæru fyrir brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari krefst þess aðallega, að ákærða verði sakfelld samkvæmt ákæru og að niðurstaða héraðsdóms verði staðfest. Til vara krefst hann staðfestingar héraðsdóms.

Verjandi ákæru krefst sýknu af kröfum ákærvalds í málinu.

1. Með skirskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta þá niðurstöðu hans að dæma ákærðu sýkna saka af ákæru fyrir brot á 2. málsg. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. málsg. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

2. Í skipunarbréfi verjanda ákærðu í héraði segir svo: „Með vísan til 118. gr. laga nr. 74/1974 er þess óskað, að þér í vörn yðar hafið einnig hliðsjón af 24. gr. umferðarlaga nr. 40/1968“. Héraðsdómari dæmir ákærðu seka um brot á greindu ákvæði umferðarlaga, en hvorki í bréfi þessu né héraðsdómi er þess getið, við hvaða málsgrein 24. gr. umferðarlaga atferli ákærðu varði. Í ákæruskjali er ákærða borin þeim sökum „að aka, miðvikudaginn 1. desember 1976, undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 6004 heiman frá sér áleiðis að Kambsvegi 4 . . .“. Ákæran er því einskorðuð við akstur bifreiðar undir áhrifum áfengis, og sýnist rannsókn máls hafa verið hagað í samræmi við það. Eins og mál þetta er í pottinn húið og svo sem ákæruskjali er farið um verkn-

aðarlýsingu, var eigi rétt samkvæmt 3. málsg. 118. gr. laga nr. 74/1974 að telja 24. gr. umferðarlaga koma til álita í máli þessu. Verður ákærðu eigi dæmd refsing samkvæmt því ákvæði.

3. Samkvæmt sakargögnum hefur ákærða gengist við því að hafa ekið bifreið sinni aftur á bak á Kambsvegi í Reykjavík, svo að hún lenti á grindverki rétt við gatnamót Kambsvegar og Kleppsvegar að kvöldi 1. desember 1976. Á þessum tíma var hálka á Kambsvegi, og hallar veginum, þar sem hún ók. Sakargögn eru óglögg um aksturslag ákærðu og atvik að því, að hún ók á grindverkið. Telst ekki sannað, að hún hafi gerst sek um varúðarskort í umrætt sinn, svo að varði hana refsingu samkvæmt 1. málsg. 26. gr. og 1. málsg. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976. Ber því að sýkna ákærðu af ákæru fyrir brot á þessum refsíákvæðum.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er ákærða dæmd sýkn af sakargiftum þeim, sem hún er borin í ákæruskjali, og af kröfum ákæruvalds í málinu.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað af rekstri máls þessa í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar í héraði og fyrir Hæstarétti, alls 3.500.00 krónur.

Í lögregluskýrslum, sem fram hafa verið lagðar í málinu, er frá því greint, að lögreglumenn hafi farið með nafngreint barn ákærðu á unglingsaldri í lögreglubifreið að kvöldi 1. desember 1976 um bæinn til að reyna með liðsinni barnsins að hafa upp á ákærðu, þar eð þeir grunuðu hana um akstur bifreiðar undir áfengisáhrifum. Slíkum aðferðum er lögreglumönnum óheimilt að beita.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Berta Guðbjörg Hannesdóttir, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ríkissjóður greiði allan kostnað af rekstri máls þessa í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu í héraði og fyrir Hæsta-

rétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, alls 3.500.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. júlí 1978.

Ár 1978, mánudaginn 3. júlí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakaðómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 317/1978: Ákærvaldið gegn Bertu Guðbjörgu Hannesdóttur, sem tekið var til dóms 15. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 15. nóvember 1977, gegn ákærðu, Bertu Guðbjörgu Hannesdóttur húsverði, Rauðalæk 47, Reykjavík, fæddri 6. júní 1919 í Snæfellsnessýslu, fyrir að aka miðvikudaginn 1. desember 1976 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 6004 heiman að frá sér áleiðis að Kambsvegi 4 og aka svo óvarlega á Kambsvegi, að bifreiðin lenti þar á grindverki og braut það og síðan upp á gangstétt, þannig að bifreiðin hafnaði næstum á umferðarmerki.

Telst þetta varða við 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hefur hún hvorki sætt kær-um né refsingum.

Málsatvik eru þessi:

Miðvikudaginn 1. desember 1976, klukkan 2045, barst lögreglu tilkynning um, að umferðarslys hefði orðið við húsið Sólvelli á mótum Kambsvegur og Kleppsvegur hér í borg. Lögreglan fór á staðinn, og samkvæmt skýrslu hennar hafði bifreiðinni R 6004 verið ekið á trégrindverk við fyrrnefnt hús, sem brotið hefði verið á um 5 metra kafla, ökumaður horfið af vettvangi, en bifreiðin verið skilin eftir uppi á gangstétt við gatnamótin og sýnilegar skemmdir á henni verið þær, að hægra frambretti var litið háttar dældað og rispað og karmur við vinstra afturljós rispaður. Lögreglan tók bifreiðina í sínar vörslur. Yfirborð vegar var malbikað, fast, slétt og þurrt. Myrkur var og skýjað, en góð lýsing á staðnum.

Lögreglan hafði tal af Hauki Guðjónssyni, húseiganda Sól-

valla, og er eftirfarandi m. a. skráð í lögregluskýrsluna um sam-talið:

„Haukur kvaðst hafa setið inni, er hann heyrði högg úti fyrir, og er hann leit út, kvaðst hann hafa séð, að bifreiðinni R-6004 hafði verið ekið á grindverkið við hús hans. Hann kvaðst þegar hafa hlaupið út og hafi þá ökumaður R-6004 verið búin að snúa bifreiðinni þversum á götunni, en síðan ekið upp á gangstéttina að austanverðu við Kambsveginn, þar hafði bifreiðin tekið niðri á gangstéttinni og hún stöðvað. Haukur kvaðst hafa náð kveikjúláslyklum R-6004 úr bifreiðinni. Hann kvað ökumann R-6004 þá hafa komið út úr bifreiðinni og gengið á brott. Öku-manni R-6004 lýsti Haukur sem konu á miðjum aldri, klædda í stuttermá peysu rauð-röndóttu, með handtösku og í síðbuxum. Hann kvað konuna hafa verið mjög reikula í spori, eins og hún væri mjög ölvuð, en aðspurður kvaðst hann ekki hafa fundið áfengislykt af henni. Haukur kvað konuna hafa horfið milli húsa þarna í nágrenninu.“

Samkvæmt skýrslu Gísla Björnssonar lögregluvarðstjóra kom ákærða á lögreglustöðina síðdegis næsta dag, og hefur varðstjórinn í því sambandi skráð eftirfarandi:

„Fimmtudaginn 2. des. 1976 kl. 15.15 kom á lögreglustöðina Guðbjörg Berta Hannesdóttir, eigandi bifreiðarinnar R-6004.

Hún kvaðst hafa frétt, að bifreiðin væri í vörslu lögreglunnar, og kvað sér ókunnugt um tilefni þess.

Við yfirheyrslu kvaðst hún hafa skilið bifreiðina eftir í gær, þ. e. miðvikudag, við Laugalækjaskóla, og vissi hún ekkert um, að hún hefði verið á ferð á Kambsvegi þann dag. Hún kvaðst enga skýringu geta gefið á því, hver hefði verið ökumaður bifreiðarinnar kl. 20.46 þ. 1.12.

Síðan breytti Guðbjörg *Marta* (sic) þessum framburði sínum, og vísast í því sambandi til meðfylgjandi framburðarskýrslu.“

Ákærða skýrði lögreglu þannig frá atvikum máls þessa:

„Það mun hafa verið um kl. 19.30, að ég fór að heiman frá mér að Rauðalæk 47, og var ferð minni heitið að Kambsvegi 4 í heimsókn til vinafólks. Ég ók Kambsveginn til norðurs og fór óvart framhjá húsi nr. 4 og áttaði mig á því, þegar ég kom að Kleppsvegi.

Ég ætlaði þá að aka bifreiðinni aftur á bak og leggja henni þar, en þá tókst svo til, að ég ók upp á gangstéttina austan Kambsvegar. Ég stöðvaði þá og ók aftur áfram og lenti þá aftur uppi á gangstéttinni rétt við biðskyldumerkið við Kleppsveg. Þegar ég

var stödd þar, kom maður að bifreiðinni og reif upp hurð hennar vinstra megin. Ég minnst þess ekki, að hann hafi sagt neitt við mig, en hann drap á vél bifreiðarinnar og tók kveikjúláslyklana. Hann fór síðan á brott, en ég sat smástund í bifreiðinni og fór síðan út og gekk að Kambsvegi 4. Ég sá engan mann annan þarna á staðnum. Ég er viss um, að bifreið mín rakst ekki á grindverk eða annað í umrætt sinn.“

„Mætta er sérstaklega spurð um, hvort hún hafi neytt áfengis, áður en hún hóf aksturinn, eða verið í óvenjulegu ástandi að öðru leyti:

Hún svarar áminnt um sannsögli:“

„Ég vil ekki svara þessari spurningu, en bendi á, að fólkið, sem ég var að heimsækja að Kambsvegi 4, geti borið um ástand mitt, þegar ég kom þangað. Um ástæðu fyrir því, að ég fór frá bifreiðinni og kærði ekki mann þann, sem tók af mér lyklana, vil ég segja það, mér fannst, að búið væri að dæma mig með því að taka af mér lyklana, og var ég full gremju. Mér fannst ekki heldur, að það skipti megin máli, þótt bifreiðin stæði þarna til morguns, þar sem ég hafði fyrirhugað að dveljast hjá kunn-ingjum mínum að Kambsvegi 4 til morguns.

Ég hef athugað bifreiðina og sé, að það er nýleg skemmd á vinstra afturhorni hennar. Um þessa skemmd get ég ekkert sagt, en vil taka fram, börn mín hafa haft bifreiðina til afnota að undanfögnu ásamt mér og gæti því þessi skemmd hafa komið á bifreiðina án minnar vitundar.“

Fyrir dómi kvað ákærða rétt vera, að hún hefði greint sinn ekið bifreiðinni R 6004 um götur Reykjavíkur, svo sem nánar er rakið í ákæru, og m. a. á grindverk rétt við gatnamót Kambsvegar og Kleppsvegar.

Ákærða neitaði því alfarið, að hún hefði verið undir áhrifum áfengis eða lyfja, þegar hún ók umrætt sinn.

Ákærða skýrði frá því, að hún hefði verið mjög þreytt þennan dag. Hún hafi á þessum tíma verið með of háan blóðþrýsting og einnig hafi komið fyrir, að jafnvægistaugin hefði eins og farið úr sambandi og hafi hún á sínum tíma leitað lækninga við því.

Að öðru leyti vísaði ákærða til skýrslu sinnar hjá lögreglu, sem hún kvaðst engu hafa við að bæta og staðfesti rétta með þeim breytingum, sem hún hefði gert fyrir dómi.

Vitnið Einar Halldórsson lögreglumaður, Kambsvegi 4 hér í borg, skýrði frá því, að umrætt kvöld hefði það og kona þess

átt hjúskaparafmæli og í því tilefni haft vín um hönd. Kunningjakona þeirra, ákærða í máli þessu, hefði komið í heimsókn til þeirra klukkan um 2100. Vitnið sagði, að ákærða hefði verið annarleg og eitthvað miður sín, en það gat ekki borið um, af hvaða ástæðum það hafi verið.

Vitnið Ingunn Helgadóttir húsmóðir, Kambsvegi 4 hér í borg, kvaðst minnst þess, að ákærða, sem er kunningjakona þeirra hjóna, hafi komið í heimsókn til þeirra hinn 1. desember 1976. Vitnið kvaðst hafa verið búið að neyta áfengis. Það minntist þess ekki, að ákærða hefði verið eitthvað annarleg eða öðruvísi en hún á vanda til.

Vitnið Haukur Guðjónsson bifreiðarstjóri, Sólvöllum við Kleppsveg hér í borg, greindi lögreglu þannig frá atvikum málsins:

„Ég hafði setið að kaffidrykkju í eldhúsi heimilis míns, sem er í norð-austur horni þess, og snýr glugginn að Kambsvegi. Við vorum þarna þrjú, konan mín og Hjalti Berg. Við heyrðum einhvern hávaða fyrir utan gluggann, og leit ég þá út í gegn um sóltjöld og sá þá, hvar fólksbifreið stóð á miðjum Kleppsvegnum þversum. Ég hljóp strax út, og stóð bifreiðin þá ennþá á sama stað, og sá ég, að kona sat undir stýri hennar, og virtist mér hún vera að búa sig undir að aka af stað, þegar mig bar að. Þegar ég sá konuna í bifreiðinni, gat ég ekki betur séð en að hún væri mjög ölvuð, eða að minnsta kosti í mjög annarlegu ástandi. Ég bað konuna að aka bifreiðinni aftur á bak inn á Kambsveginn, og gerði hún það á þann hátt, að hún ók bifreiðinni til baka og upp á gangstéttina, eins og sýnt er á uppdrættinum, og munaði minnstu, að hún æki á umferðarskiltið þar. Þar sem mér sýndist ástand konunnar svo mjög varhugavert, ákvað ég að stöðva akstur hennar þarna, seildist inn um framrúðu bifreiðarinnar og náði lyklunum úr kveikjúlásnum. Ég fór af stað inn til mín til þess að tilkynna um þetta, en hafði séð, að ekið hafði verið á grindverkið við garð minn Kambsvegar megin. Þegar ég kom inn til mín, sagði konan mín, að konan (ökumaðurinn) væri farin úr bifreiðinni og væri ranglandi þarna á götunni, og þegar ég leit út fyrst, sá ég hana ekki, en svo komum við auga á hana aftur, þar sem hún var á leið suður Kambsveginn, og slangraði hún á götunni sitt á hvað.“

Vitnið Haukur Guðjónsson staðfesti skýrslu þessa fyrir dómi. Vitnið staðhæfði, að ákærða hefði verið í mjög annarlegu ástandi og ekki með sjálfri sér. Hún hefði verið mjög reikul í spori. Vitnið gat ekki fullyrt, hvort ákærða hefði verið undir áhrifum

áfengis eða eiturlyfja, en ástand hennar hefði verið slíkt, að hún hefði verið allsófær til þess að aka bifreið og „miklu meira en það“.

Vitnið Hjalti Berg Hannesson sjómaður, Kleppsvegi 68 hér í borg, kvaðst hafa orðið vart við, þegar ákærða ók á grindverkið og síðan upp á gangstéttina hinum megin við Kamsvegin. Vitnið sagði, að ákærða hefði verið mjög annarleg útlits, en gat ekki borið um, hvort það hefði verið vegna áfengisneyslu, eiturlyfja eða annars. Hún hefði verið mjög reikul í spori og að álitni vitnisins algerlega óhæf að aka bifreið.

Vitnið Sigríður Guðjónsdóttir húsmóðir, Sólvöllum, Kleppsvegi 90 hér í borg, kvaðst ekki hafa séð, þegar ákærða ók á grindverkið, en heyrt mikinn skruðning og litið út um gluggann litlu síðar og þá séð ökumann bifreiðarinnar, sem var kona, ganga frá bifreiðinni og eftir Kamsveginum. Vitnið staðhæfði, að konan hefði verið mjög reikul í spori, en gat ekki fullyrt, hvort það hafi verið vegna ölvunar, eiturlyfja eða annarra orsaka, en ástand hennar hefði verið slíkt, að hún hefði að álitni vitnisins verið allsófær til þess að aka bifreið.

Vitnið Bertram Henry Möller lögreglumaður, Tunguvegi 24 hér í borg, kvað bersýnilegt, að bifreiðinni hefði verið ekið á grindverk og síðan upp á gangstétt, en ökumaður hennar verið horfinn af staðnum og ekki fundist þá um kvöldið þrátt fyrir talsverða leit.

Að öðru leyti vísaði vitnið til lögregluskýrslu sinnar í málinu, sem það staðfesti rétta, og kvaðst það hafa gert hana eftir bestu vitund.

Vitnið Gunnar Theódór Gunnarsson lögreglumaður, Eskihlíð 18 A hér í borg, sagði, að bifreiðinni R 6004 hefði bersýnilega verið ekið á grindverk við gatnamót Kamsvegar og Kleppsvegar. Ökumaður bifreiðarinnar var horfinn af staðnum, þegar þeir lögreglumennirnir komu þangað, og hafði fólk í næstu húsum á orði, að kona hefði ekið bifreiðinni og verið mjög ölvuð eða miður sín.

Vitnið Gísli Björnsson lögregluvarðstjóri, Guðrúnargötu 10, Reykjavík, fullyrti, að ákærða hefði fyrst í stað alfarið neitað því, að hún hefði ekið bifreiðinni R 6004 greint sinn, en síðar hefði hún jatað að hafa ekið, svo sem í ákæru greinir, en færst undan að svara því, hvort hún hefði verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Vitnið staðfesti lögregluskýrslu sína í málinu sem rétta.

Gegn eindreginni neitun ákærðu verður ekki talið sannað, að hún hafi ekið bifreið undir áhrifum áfengis greint sinn. Ber því að sýkna hana af ákvæðum áfengislaga og 25. gr. umfferðarlaga.

Með vættum vitna og öðrum gögnum málsins, sem rakin hafa verið hér að framan, þykir hins vegar í ljós leitt, að ástand ákærðu á umræddum tíma hafi verið slíkt, að hún hafi eigi getað stjórnað ökutæki á tryggilegan hátt. Varðar sú háttsemi hennar við 24. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, enda var skipuðum verjanda hennar veittur kostur á að reifa málið að því er laga-ákvæði þetta varðar, sbr. 118. gr. laga nr. 74/1974. Loks varðar akstur ákærðu við 26. og 37. gr. umferðarlaga.

Refsing ákærðu telst hæfilega ákveðin 80.000 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald í 8 daga, verði sekt eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga þykir rétt að svipta ákærðu ökuréttindum í 4 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærðu til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmans, skipaðs verjanda síns, kr. 60.000.

Dómsorð:

Ákærða, Berta Guðbjörg Hannesdóttir, greiði 80.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 8 daga, verði sekt eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærða er svipt ökuréttindum í 4 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmans, kr. 60.000.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.